

hættuspili, verður að telja, að hér sé um vinning af fjárhættuspili að ræða, og ber því samkvæmt 2. mgr. 183. gr. hegningarlaganna að gera nefndar kr. 1008.00 upptækar.

Þá ber að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allar sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdm. Sigurðar Ólasonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærði Viglundur Kristjánsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Ákærði Michael Sigfinnsson sæti fangelsi í 2 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu. Refsingu hans skal frestað og hún falla niður eftir tvö ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 17.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Kr. 1008.00 af innstæðu ávisanabókar ákærða Viglundar Kristjánssonar nr. 1339 við Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, skulu upptækar og renna í rikissjóð Íslands.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hdm. Sig. Ólasonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1941.

Kærumálið nr.7/1941. **Kristín Björnsdóttir**

gegn

**Þorleifi Ben. Þorgrímssyni.**

Deila um, hvort krafa hefur verið lögð réttilega til sátta.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru, sem hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 3. þ. m. af Birni lögmanni Þórðarsyni. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

ur og varnaraðili verði dæmdur til að greiða henni kostnað af kærumálinu eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Í sáttakæru í máli þessu 17. okt. þ. á. kveður sóknaraðili varnaraðilja hafa haft ýmis tilgreind meiðandi ummæli um hana. Biðst hún þess þar, að sáttanefnd kalli varnaraðilja ásamt henni fyrir sig til þess að gera tilraun til að fá varnaraðilja til þess að taka ummælin aftur, biðja hana fyrirgefningar og greiða kostnað af sátttaumleitun. Annars kostar kveðst sóknaraðili vilja láta dómstólana fjalla um þá kröfu sína, „að nefndur Þorleifur Ben. Þorgrímsson verði látinn sæta hinni þyngstu refsingu, sem frekast er unnt, samkvæmt 25. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.“ Samkvæmt þessu hefur refsikrafa í málinu verið réttilega lögð til sátta, og verður þess vegna að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 80.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Þorleifur Ben. Þorgrímsson, greiði sóknaraðilja, Kristínu Björnsdóttur, kr. 80.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1941.

Í meiðyrðamáli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur stefndur, Þorleifur Ben. Þorgrímsson, gert þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi eða hann verði með öllu sýknaðar. Til vara, að refsikröfunni verði vísað frá dómi eða sýknað verði af henni. Einnig krefst stefndur málskostnaðar úr hendi stefnanda, Kristinar Björnsdóttur, eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur á því, að refsikrafan hafi ekki verið lögð til sátta; ummæli þau, sem stefnt er út af, séu svo óákveðin og á reiki, að ekki virðist hægt að ómerkja nein ákveðin ummæli og loks virðist í sáttakæru beinlinis fallið frá ómerkingar- og málskostnaðarkröfu í væntanlegu máli.

Það verður að fallast á, að sönnur bresti um að refsikrafan í málinu hafi verið lögð til sátta fyrir sáttanefnd, og ber því að vísa þeirri kröfu ex officio frá dómi. Hins vegar verður að telja, að hin umstefndu ummæli séu eftir atvikum nægilega skýrt tilgreind í sáttakæru, og þar sem ekki verður heldur talið nauðsynlegt að taka fram í sáttakæru, hvaða kröfur gera eigi fyrir dómstólunum, þykir frávisunarkrafa stefnds að öðru leyti ekki hafa við rök að styðjast.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Þvi úrskurðast:

Framangreindri refsikröfu visast ex officio frá dómi, en að öðru leyti verður málið dæmt að efni til.

---

Föstudaginn 19. desember 1941.

Kærumálið nr. 8/1941. **Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G.m.b.H.**

gegn

**Olíusamlagi Vestmannaeyja.**

**Úrskurður hæstaréttar.**

Með kæru dags. 19. nóv. þ. á., er hingað barst 9. þ. m., kærir Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G.m.b.H. málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 18. nóv. þ. á. í málinu Olíusamslag Vestmannaeyja gegn sóknaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 29. f. m. til þingfestingar í janúarmánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt analogíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Þvi úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framan-skráðu.

---